

Skipulagsstofnun
b.t. Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:
2023-03-21/Framsending umsögn MÍ

VERKNÚMÉR:
20060003

DAGS.:
2023-03-22

Svar við umsögn Minjastofnunar vegna áframhaldandi eflingar ofanflóðavarna við Flateyri

Í bréfi til Skipulagsstofnunar, dags. 21. mars 2023, veitir Minjastofnun Íslands umsögn vegna matskyldufyrirspurnar Ísafjarðarbæjar um áframhaldandi eflingu ofanflóðavarna við Flateyri.

Samkvæmt umsögninni telur Minjastofnun Íslands að grafa þurfi könnunarskurði innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis næst þeim stað þar sem skráð var mögulegt bæjarstæði Eyrar (2336788-1) í fornleifakönnun framkvæmd árið 2021 af Ragnari Edvardssyni í tengslum við fyrri framkvæmdir á svæðinu. Auk þess telur Minjastofnun að fá þurfi fornleifafræðing til að skoða svæði sem fara mun undir stækkun náma og fyrirhuguð haugsetningarsvæði skv. fyrirspurninni. Námunar sem um ræðir eru Klofningsnáma sem er merkt E7 í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og gömul náma vestan við Klofningsnámu.

Eins og fram kemur í matskyldufyrirspurninni áformar Ísafjarðarbær að fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði á svæði þar sem kunnir að vera minjar tengdar hvalveiðistöð. Rannsóknin er nú í undirbúningi. Í ljósi umsagnar Minjastofnunar verður einnig kannað mögulegt bæjarstæði og svæði þar sem stækkun efnistökusvæða og haugsetning er fyrirhuguð. Verða allar niðurstöður þeirra vinnu sendar á Minjastofnun.

Ef fornleifar koma í ljós við athuganir eða meðan á framkvæmdum stendur verður Minjastofnun gert viðvart og ráðstafanir gerðar í samráði við stofnunina.

Virðingarfyllt, f.h. Verkís hf.



Kristín Martha Hákonardóttir

Skipulagsstofnun
b.t. Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:
2023-03-22

VERKNÚMER:
20060003

DAGS.:
2023-03-27

Svar við umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna áframhaldandi eflingar ofanflóðavarna við Flateyri

Í bréfi til Skipulagsstofnunar, dags. 22. mars 2023, veitir Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) umsögn vegna matsskyldufyrirspurnar Ísafjarðarbæjar um áframhaldandi eflingu ofanflóðavarna við Flateyri.

Fram kemur í umsögninni að NÍ telji að ástæða sé til að hefta frekari útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils þar sem um framandi ágengar tegundir er að ræða. Til að mynda bendir NÍ á að huga þurfi vandlega að hvar jarðvegi af svæðinu verði fargað og koma skuli í veg fyrir að tegundunum sé dreift á nýja útbreiðslustaði í Önundarfirði. Auk þess leggur NÍ til að forðast sé að nota áfram alaskalúpínu fyrir uppgræðslu og frekar reynt að stemma stigu við útbreiðslu hennar á svæðinu. Rækta ætti birki og víðitegundir í stað lúpínu og skógarkerfils þar sem því verður komið við.

Ísafjarðarbær þakkar fyrir ábendingu varðandi haugsetningu jarðvegs sem inniheldur plöntuleifar framandi og ágengra tegunda. Eins og fram kemur í matsskyldufyrirspurninni var áformað að haugsetja umfram jarðveg við Klofningsnámu. Í ljósi ábendinga NÍ og fyrir þær sakir að hvorug plöntutegundin hefur skráða þekju við Klofningsnámu hefur Ísafjarðarbær ákveðið að finna aðra staðsetningu fyrir haugsett efni. Sandhjallurinn innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, sem í dag er umlukinn lúpínu, mun taka við um helmingi umfram efnis. Áætluð efnistaka úr sandhjallinum er 20 þús. m³, en áætlað efni til haugsetningar 40 þús. m³. Ísafjarðarbær á því eftir að finna hentuga staðsetningu fyrir um 20 þús. m³ umfram efnis. Verður leitað að svæði þar sem önnur eða báðar umræddar tegundir hafa töluverða þekju. Ef enginn hentugur staður finnst í nágrenni framkvæmdasvæðisins verður kannaður möguleiki þess að haugsetja jarðveg sem inniheldur fræ ágengu tegundanna undir „ómenguðu“ efni frá öðru svæði á dýpi þar sem plönturnar ættu ekki að ná vexti að yfirborði. Verða slíkar ákvarðanir ekki teknar nema í samráði við Landgræðsluna.

Jafnframt var fyrirhugað að nýta jarðveg frá efri hluta framkvæmdasvæðisins, þar sem þekja framandi tegunda er ríkjandi, í fyllingu Hafnargarðsins. En þar sem þekja lúpínu er mjög takmörkuð (og þekja skógarkerfils engin svo vitað sé til) á hafnarsvæðinu og í ljósi fyrrgreindra ábendinga NÍ verður farið yfir með Landgræðslunni hvort nægjanlegt sé að nota einungis efni úr neðri lögum skeringar flóðrásar (af 2-3 m dýpi) í fyllingar og yfirborð hafnargarðs. Að öðrum kosti verði endurskoðað hvort finna megi annað efni í þá fyllingu.

Landmótun sér um skipulagningu á frágangi og landgræðslu svæðisins. Ekki var áformað að nota lúpínu til uppgræðslu, og verður frekar reynt að stemma stigum við frekari útbreiðslu tegundarinnar. Við uppgræðslu svæðisins verður aðallega notast við endurtekna sáningu landgræðslublöndu, hvítsmára og rauðsmára og áburð til að fá þéttan grassvörð. Ljóst er að erfitt eða nánast ómögulegt verður að losna við ágengu tegundirnar vegna magns fræja og plöntuleifa á svæðinu, og munu þær líklega torvela uppgræðslu lágroðurs. Því verður leitast við að nota birki og aðrar trjátegundir þar sem því verður komið við, líkt og NÍ mælir með. Ekki er þó gróðursetning trjáa ráðlögð flóðmegin við garða



vegna hættu á viðbótar snjósöfnun, sem hafi eða geti haft neikvæð áhrif á virkni þeirra. En stefnt er að sáningu birkifræja í þvergarð og gróðursetningu elris og hindberja í jaðarsvæði hlémegin við þvergarðinn. Inni í fleyg næst áningarstað og stígum er gert ráð fyrir að gróðursetja elri og hindber í þyrpingar.

Í Hafnargarð er gert ráð fyrir að sá landgræðslublöndu ásamt hvítmára, rauðsmára og melgresi og baunagrasi í jaðarsvæði og gróðursetja elri og hafþyrni í jaðarsvæði hlémegin.

Virðingarfyllt, f.h. Verkís hf.

Kristín Martha Hákonardóttir

RE Varðandi umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða - Áframhaldandi efling ofanflóðavarna við Flateyri

Til : Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
Frá : Sigurlaug Sigurðardóttir <sisi@verkis.is>
CC : Kristín Martha Hákonardóttir <kmh@verkis.is>
Heiti : RE Varðandi umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða - Áframhaldandi efling ofanflóðavarna við Flateyri
Málsnúmer : 202302010
Málsaðili : Ofanflóðasjóður
Skráð dags : 27.03.2023 00:00:00
Höfundur : Sigurlaug Sigurðardóttir <sisi@verkis.is>
Viðhengi [image001.jpg](#)

Sæll,

Gögn um grunnvatnsbrunna frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða eru móttækin og verða höfð til hliðsjónar við framkvæmdir.

Bestu kveðjur,
Sigurlaug

From: Jón Smári Jónsson - SLS
Sent: föstudagur, 24. mars 2023 09:53
To: Sigurlaug Sigurðardóttir ; Kristín Martha Hákonardóttir
Subject: FW: Varðandi umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða - Áframhaldandi efling ofanflóðavarna við Flateyri

Góðan dag,

Meðfylgjandi í samskiptum og viðhengi eru svör Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

Bestu kveðjur,

Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Anton Helgason <anton@hevf.is>

Sent: 23 March 2023 15:48

To: Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>

Subject: RE: Varðandi umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða - Áframhaldandi efling ofanflóðavarna við Flateyri

Sæll Jón Smári

Þessir sýntökubrunnar eru á vegum Ísafjarðabæjar í tengslum við vöktun á aflögðum urðunarstað (Klofningur sjá mynd). Ísafjarðarbær ætti að eiga hnit á þessa brunna. Heilbrigðiseftirlitið hefur tekið sýni úr þeim fyrir Ísafjarðarbæ í nokkur skipti. Brunnarnir neðan við veg no 2 og 3 eru vel sýnilegir 3" svört plaströr sem standa ca 1-1,5 m yfir yfirborði. Sýnist að þeir séu í jaðri efnistökusvæðis sem er fyrir neðan veg við urðunarstöðinn merkt Stapi á mynd 2-2 í skýrslu

Með kveðju

Anton Helgason

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík

S.4567087 og 8618489

From: Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>

Sent: Thursday, March 23, 2023 1:42 PM

To: Anton Helgason <anton@hevf.is>

Subject: Varðandi umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða - Áframhaldandi efling ofanflóðavarna við Flateyri

Sæll Anton,

Ráðgjafi framkvæmdaraðila óskar eftir staðsetningu á þeim grunnvatnsbrunnum sem Heilbrigðiseftirlitið bendir á í umsögn sinni.

Bestu kveðjur,

Jón Smári Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun



From: Sigurlaug Sigurðardóttir <sisi@verkis.is>

Sent: 23 March 2023 13:37

To: Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>; Kristín Martha Hákonardóttir <kmh@verkis.is>

Subject: RE: Framsend umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða - Áframhaldandi efling ofanflóðavarna við Flateyri

Sæll,

Umsögnin er móttekin. Óskað er eftir staðsetningu á þeim grunnvatnsbrunnum sem bent er á í umsögninni.

Bestu kveðjur,
Sigurlaug

